

ÁKÆRENDAFÉLAG ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. **P** 135/2743
komudagur 15.5.2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 8. maí 2008

Ákærendafélagi Íslands hefur borist til umsagnar, með bréfi allsherjarnefndar frumvarp til laga um breytingu á stjórnslögum 536. mál.

Ákærendafélagið telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við frumvarpið og leggur til að það verði lögtekið.

F.h. Ákærendafélags Íslands


Helgi Magnús Gunnarsson formaður

1

Póstfang:

Ákærendafélag Íslands
Helgi Magnús Gunnarsson
Snorrabraut 83
105 Reykjavík

Sími:

896 4185

Netfang:

hmg@rls.is

Kennitala:

701107-0550



DÓMSTÓLARÁÐ

Alþingi
Erindi nr. P 135/2505
komudagur 5.5.2008

Allsherjarnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík


Reykjavík, 2. maí 2008

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

Með bréfi, dagsettu 23. apríl sl., var Dómstólaráði sent til umsagnar framangreint frumvarp.

Dómstólaráð hefur fjallað um frumvarpið og gerir engar athugasemdir við það.

F.h. Dómstólaráðs


Elín Sigrún Jónsdóttir
framkvæmdastjóri

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi
Erindi nr. P 135/2631
komudagur 9.5.2008

Allsherjarnefnd Alþingis
Selma Hafliðadóttir nefndarritari
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

8. maí 2008
Tilvísun: 2008040114

Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á stjórnslulögum nr. 37/1993 (stjórnsluviðurlög), þskj. 873, 536. mál.

Vísað er til bréfs yðar til Fjármálaeftirlitsins, dags. 23. apríl sl., þar sem óskað var umsagnar um nefnt frumvarp.

Fram kemur í athugasemdum frumvarpsins að það sé samið á grundvelli tillagna nefndar um viðurlög við efnahagsbrotum sem fram koma í skýrslu hennar frá 12. október 2006. Fjármálaeftirlitið átti fulltrúa í þeirri nefnd.

Fjármálaeftirlitið hefur athugað frumvarpið og skal eftirfarandi ábendinga getið.

Í 1. gr. c-lið er þess getið (sbr. 2. tl.) að stjórnvald geti fellt mál niður í stað þess að leggja á stjórnsluviðurlög þegar brot er mjög smávægilegt.


Fyrirmynd þessa er a-liður 2. mgr. 113. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Fjármálaeftirlitið leggur til að orðið "mjög" verði fellt burtu. Nægjanlegt á að vera að mál teljist smávægilegt til þess að ástæða geti verið fyrir stjórnvald að fella það niður í stað þess að leggja á stjórnsluviðurlög. Það er hætt á því að erfitt verði í framkvæmd að greina á milli mála sem eru "mjög smávægileg" og þeirra sem eru "smávægileg".

Fjármálaeftirlitið telur að nefnt frumvarp gefi að öðru leyti ekki tilefni til efnislegra athugasemda.

Fjármálaeftirlitið veitir fyllri upplýsingar um framanritað ef óskað er.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ


Jónas Fr. Jónsson


Rúnar Guðmundsson

Alþingi
Erindi nr. P 135/2726
komudagur 14.5.2008

Nefndasvið Alþingis
Selma Hafliðadóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 13. maí 2008.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breytingu á stjórnslulögum, nr. 37/1993 (stjórnsluviðurlög). 135. löggjafarþing 2007-2008, þskj. 837 – 536. mál.

Laganefnd LMFÍ hefur haft framangreint frumvarp til umsagnar. Með frumvarpinu er nýjum kafla bætt við stjórnslulögin nr. 37/1993 með fimm nýjum greinum undir kaflaheitinu *Stjórnsluviðurlög*. Varða þessar nýju greinar í fyrsta lagi gildissvið kaflans, þagnarrétt einstaklinga, niðurfellingu máls, málsmeðferð þegar mál er kært til lögreglu og endurskoðunarvald dómstóla.

Í upphafi telur laganefnd rétt að áréttu að markmiðið með stjórnslulögum nr. 37/1993 er að tryggja réttarstöðu borgaranna í samskiptum þeirra við stjórnvöld þegar stjórnvöld taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna eða svokallaðar stjórnvaldsákvarðanir, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna. Er um að ræða lögfestingu meginreglna um málsmeðferð fyrir stjórnvöldum. Gildissvið laganna afmarkast af þessu og gilda þau því um *allar* tegundir stjórnvaldsákvarðana þ.m.t. þegar teknar eru ákvarðanir um stjórnsluviðurlög. Í ljósi framangreinds skýtur að álitum laganefndar svólítið skökku við að verið sé að bæta kafla við stjórnslulögin sem varðar eingöngu eina tegund stjórnvaldsákvarðana. Að álitum laganefndar verður ekki heldur séð að þörf sé á að bæta heilum kafla við stjórnslulögin með þeim hætti sem gert er í frumvarpinu. Að mati laganefndar ætti t.d. eins og þagnarrétturinn í b. lið 1. gr. frumvarpsins (42. gr.), sem tekur aðeins til hluta þeirra ákvarðana sem teljast til stjórnsluviðurlaga samkvæmt a. lið í 1. gr. frumvarpsins, alveg eins heima á öðrum stað í lögunum.

Þá telur laganefnd rétt að vekja athygli á því að samkvæmt athugasemdum með 1. gr. frumvarpsins gilda ákvæði kaflans „um þau stjórnslumál sem lokið getur með kærni til lögreglu eða stjórnvaldsákvörðun um álagningu stjórnsluviðurlaga“. Ákvæði a. liðar 1. gr. (41. gr.) afmarkar frekar gildissvið hins nýja kafla. Í athugasemdum við þá grein segir meðal annars svo: „Samkvæmt greininni gilda ákvæði kaflans einvörðungu um stjórnsluviðurlög. Með hugtakinu „stjórnsluviðurlög“ er hér vísað til refsikenndra viðurlaga sem stjórnvöld geta lögum samkvæmt lagt á hinn brotlega í tilefni af háttsemi sem er andstæð lögum, almennum stjórnvaldsfyrirmælum eða stjórnvaldsákvörðun og hefur að markmiði að valda þjáningu eða óþægindum og hafa varnaðaráhrif.“ Samkvæmt því virðist sem kaflinn nái yfir allar tegundir stjórnsluviðurlaga þ.m.t. viðurlög sem opinberir starfsmenn kunna að verða beittir vegna brota í starfi. Upptalning a. liðar 1. gr. (41. gr.) sem og athugasemdir við þessa grein virðist hins vegar þvert á móti benda til þess að kaflinn eigi eingöngu við stjórnvaldssektir og aðrar eðlisskyldar ákvarðanir sem svokallaðir eftirlitsaðilar beita. Áréttar laganefnd að öll stjórnvöld geta tekið ákvarðanir um stjórnsluviðurlög að einhverju marki, sbr.

t.d. í starfsmannamálum. Það að ekki sé ljóst hvort að ákvæði kaflans gildi um slíkar ákvarðanir býður að mati laganefndar upp á misskilning sem valdið getur réttaróvissu.

Á það skal bent að d. liður 1. gr. frumvarpsin (44. gr.), þar sem tekið er fram að ákvæði IV.-VII. kafla gildi ekki um ákvarðanir stjórnvalda um að kæra mál til lögreglu, getur haft mikil áhrif á réttarstöðu hins almenna borgara. Í athugasemdum í frumvarpinu með þessu ákvæði segir meðal annars: „Þar sem slíkt tefur mál og getur í sumum tilvikum spillt rannsókn lögreglu á málinu er talið rétt að taka af skarið um að ákvæði IV.–VII. kafla stjórnarsýslulaga gildi ekki um ákvarðanir eftirlitsstofnunar um að kæra mál til lögreglu.“ Svo virðist sem ekki hafi verið haft í huga önnur tilvik en ljóst er að öll stjórnvöld geta tekið ákvörðun um að kæra mál til lögreglu. Sem dæmi má nefna mál sem varða einstaka starfsmenn stjórnvaldsins. Bendir laganefnd á að í þeim tilvikum væri verið að skerða réttindi starfsmannanna og telur nefndin það umhugsunarefni.

Að öðru leyti er laganefndin í sjálfu sér ekki mótfallin einstökum ákvæðum frumvarpsins en telur í ljósi réttaröryggissjónarmiða heppilegra að reyna komast hjá því að bæta sérstökum kafla um einstakar tegundir stjórnvaldsákvarðana við stjórnarsýslulögin auk þess sem nefndin telur brýnt að allar viðbætur við lögin séu skýrar og ljósar og ekki til þess fallnar að valda óvissu í túlkun. Ljóst er að stjórnarsýslulögin hafa fyrir löngu sannað gildi sitt og eru allar viðbætur við lögin mjög vandasamar.

Laganefnd telur rétt að vekja athygli á því að í Noregi voru gerðar tillögur á árinu 2003 um að setja almennar reglur um stjórnarsýsluviðurlög í stjórnarsýslulögin. Var gerð tillaga um að bæta við kafla við norsku stjórnarsýslulögin um stjórnarsýsluviðurlög, þar sem meðal annars var að finna ákvæði um þagnarrétt og endurskoðunarvald dómstóla. Skemmst er frá því að segja að slíkt frumvarp hefur enn ekki verið samþykkt.

Virðingarfyllt,

f.h. Laganefndar Lögmannafélags Íslands

Eva B. Helgadóttir hrl. formaður



Alþingi
Erindi nr. P 135/2661
komudagur 13.5.2008

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 8. maí 2008

Tilvísun: 2008040249

50.03

Tilvísun yðar: Pskj. 837- 536. mál

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Embætti ríkislögreglustjóra vísar til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 23. apríl sl., þar sem farið er fram á umsögn um frumvarp til stjórnarsýslulaga, 536. mál, stjórnarsýsluviðurlög.

Ríkislögreglustjóri gerir ekki athugasemd við lagafrumvarpið.

F.h. RLS


Guðmundur Guðjónsson / Thelma Cl. Þórðardóttir

Alþingi
Erindi nr. P 135/2606
komudagur 8. 5. 2008

Ríkissaksóknari

Reykjavík 7. maí 2008.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Allsherjarnefnd Alþingis hefur óskað umsagnar ríkissaksóknara um frumvarp til stjórnarsýslulaga, 536. mál, stjórnarsýsluviðurlög.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið er gerð ítarleg grein fyrir tilefni þess. Með vísan til þeirra sjónarmiða og röksemda sem þar koma fram er lýst yfir stuðningi við frumvarpið.

Virðingarfyllt

Valtýr Sigurðsson



Alþingi
Erindi nr. P 135/2869
komudagur 20.5.2008

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, allsherjarnefnd
vt. Selma Hafliðadóttir
nefndarritari
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. maí 2008 02-2008050214
T-ums 23/08

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á stjórnarsýslulögum, nr. 37/1993,
stjórnarsýsluviðurlög - 536. mál.**

Á Alþingi hefur verið lagt fram frumvarp til laga um breytingu á stjórnarsýslulögum, nr. 37/1993. Frumvarpinu hefur verið vísað til allsherjarnefndar Alþingis og var umsagnaraðilum veittur frestur til 8. maí sl. til að koma að athugasemdum um frumvarpið. Í frumvarpinu er lagt til að nýjum kafla verði bætt við stjórnarsýslulögin, X. kafla er komi til með að bera heitið *Stjórnarsýsluviðurlög*. Ljóst er að umræddar breytingar taka til álags sem skattyfirvöld hafa heimildir til að beita skattaðila við tiltekna aðstæður. Þrátt fyrir það var ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins eða öðrum skattyfirvöldum ekki gefinn kostur á að koma að umsögnum við frumvarpið innan umsagnarfrests. Í framhaldi af fundi sem fulltrúar ríkisskattstjóra áttu með allsherjarnefnd Alþingis í dag leyfir ríkisskattstjóri sér að koma að athugasemdum vegna þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Í frumvarpinu segir að tillögum nefndarinnar megi í meginatriðum skipta í fernt:

- Stjórnarsýsluviðurlög og refsingar
- Viðurlögum við brotum á fjármálamarkaði
- Viðurlögum við brotum á samkeppnislögum
- Réttaröryggi þeirra sem eru aðilar að stjórnarsýslumáli, sem lokið getur með álagningu stjórnarsýsluviðurlaga eða kæru til lögreglu, þ.e. þagnarréttur og aðgangur að dómstólum

Samkvæmt frumvarpinu taka stjórnarsýsluviðurlög til stjórnarsýslumála sem geta lokið með kæru til lögreglu eða stjórnvaldsákvörðun um álagningu stjórnarsýsluviðurlaga. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að helsta markmið frumvarpsins sé að færa íslensk lög til samræmis við þær meginreglum sem verða leiddar af 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og túlkun Mannréttindadómstóls Evrópu á ákvæðinu og tryggja réttindi manna sem sæta stjórnarsýsluviðurlögum.

Ríkisskattstjóri gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið;

Í fyrsta lagi er að mati embættisins verið að skilgreina álag sem skattyfirvöld hafa heimild til að leggja á skattaðila við ýmsar aðstæður sem refsingu. Í dóma- og úrskurðarframkvæmd um áratugaskeið hefur hingað til verið litið svo á að framangreint álag teljist vera viðbótarskattur, en ekki eiginleg refsing í skilningi refsiréttar. Ákvæði í skattalögum um refsingar eru

sérstaklega tilgreind sbr. 109. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, þar sem álag er ekki talið með, en við ákvörðun fésektar ber engu að síður að draga álag frá. Við setningu laga hefur hingað til verið gerður skilsmunur á milli **stjórnsýsluviðurlaga** og **refsinga** til aðhalds þeim sem ætlað er að haga háttsemi sinni innan þess ramma sem lögin mæla fyrir um og ekki síður til stuðnings við þau stjórnvöld sem ætlað er að annast framkvæmd laganna. Ákvæði 108. og 109. gr. laga nr. 90/2003 skýra þennan mun mjög glögglega.

Í öðru lagi er það mat ríkisskattstjóra að lögfesting frumvarpsins hafi veruleg áhrif á áratugalanga skattframkvæmd. Skattyfirvöld hafa með höndum eitt viðamesta verkefni innan íslenskrar stjórnsýslu. Það er aðall stjórnsýslunnar að hún sé skilvirk, hröð og markviss og á það ekki hvað síst við þar sem skattframkvæmd tekur til allra lögaðila og einstaklinga. Telja verður að markmið frumvarpsins um að tryggja borgurunum þagnarrétt þegar þeir eru bornir sökum um alvarleg afbrot sé þegar tryggt í 7. mgr. 103. gr. laga nr. 90/2003 þegar aðilar sæta rannsókn skattrannsóknarstjóra ríkisins sem jafnframt hefur það mat hvort brot sé svo alvarlegt að vísa beri máli til lögreglu.

Skilja verður frumvarpið þannig að með því sé verið að fella minniháttar yfirsjónir í skattarétti undir glæpsamlegt atferli með það að markmiði að tryggja þagnarrétt borgaranna. Það kann að valda ruglingi enda hefur þeim flokki agaviðurlaga, sem löggjafinn hefur hingað til ætlað til tilhlýðilegar skattframkvæmdar verið beitt af almennum starfsmönnum skattkerfisins, þ.e. starfsmönnum skattstjóra. Að mati ríkisskattstjóra gengur tilgreining frumvarpsins um stjórnsýsluviðurlög allt of langt. Hætt er við að það að fella öll agaviðurlög stjórnsýslunnar undir einn hatt með nýjum ákvæðum stjórnsýslulaga verði til þess að úrlausn mála, sem almennt hafa verið felld undir minniháttar yfirsjónir án þess að reynt hafi eða reyna muni nokkru sinni á þagnarrétt einstakra skattaðila, sé í uppnámi. Eftirlit með skattskilum byggist á gagnaöflun frá framteljendum og þriðja aðila. Almenna heimild er að finna í 94. gr. laga nr. 90/2003 til að kalla eftir gögnum, þegar ekki liggur fyrir rökstuddur grunur um að framtalsskil séu ófullnægjandi en þá er byggt á 96. gr. tilvitnaðra laga. Reynist tekjur vantaldar eða frádráttarliðir oftaldir má skattstjóri beita álagi á skattstofna og reiknast skattur af því álagi. Verði frumvarpið óbreytt að lögum kann beiting framangreindra ákvæða að vera í uppnámi og skattyfirvöldum verði gert ókleift að sannreyna rétta álagningu vegna viðbára um að almennum framteljendum beri ekki skylda til að sýna fram á að rétt hafi verið fram talið.

Í þriðja lagi beinist frumvarpið að megin stefnu að borgaralegum refsingum sem t.a.m. Samkeppniseftirlitið, Fjármálaeftirlitið og Fiskistofa beita. Ríkisskattstjóri áréttar að skattyfirvöld eru almennt ekki að beita refsingum heldur er tilgangur álagsbeitingar fyrst og fremst að tryggja að álagning opinberra gjalda sé sem réttust og innan tímamarka. Engu líkara er en að frumvarpshöfundum hafi láðst að skoða og taka tillit til þeirra miklu áhrifa sem frumvarpið hefði á skattframkvæmd.

Að framangreindu virtu leggur ríkisskattstjóri til að markmið, áherslur og gildissvið frumvarpsins verði endurmetið með tilliti til þess að beiting einfaldrá agaviðurlaga stjórnsýslunnar, þ.m.t. skattyfirvalda verði ekki háð vafa um þagnarrétt vegna almennra mistaka við framtalsskil.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra

Andri J. Jónsd.

Fugvar J. Rögvaldsson

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2725
komudagur 14.5.2008 **SFF**

SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík 14. maí 2008

Allsherjarnefnd Alþingis
Nefndasvið
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frv. til l. um brt. á stjórnslulögum (536. mál).

SFF hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp um breytingu á stjórnslulögum (stjórnsluviðurlög). Samtökin gera ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,



Jóna Björk Guðnadóttir hdl.

Alþingi
Erindi nr. **B** 135/2856
komudagur 20.5.2008



SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI
RÍKISINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 10
150 REYKJAVÍK

TILVÍSUN
BK/eeg/08/1024

DAGSETNING
20.05.2008

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á stjórnsýslulögum, nr. 37/1993 (stjórnsýsluviðurlög), 536. mál.

Á alþingi hefur verið lagt frumvarp til laga um breytingu á stjórnsýslulögum, nr. 37/1993 (stjórnsýsluviðurlög), 536. mál, þskj. nr. 837. Frumvarpið tekur m.a. til grundvallarþátta skattframkvæmdar - beitingu álags - og þýðingu þess. Telur skattrannsóknarstjóri í ljósi þess óhjákvæmilegt að koma að umsögn vegna frumvarpsins. Af því tilefni er send svofelld

u m s ö g n

Með frumvarpinu er lagt til að nýr kafli bætist við stjórnsýslulög, nr. 37/1993, er fjalli um stjórnsýsluviðurlög. Kemur fram í greinargerð með frumvarpinu að markmið þess sé að lögfesta tillögur nefndar um viðurlög við efnahagsbrotum sem fram koma í skýrslu nefndarinnar frá 12. október 2006 og lúta að réttaröryggi borgaranna. Í þeirri nefnd átti ekki sæti fulltrúi skattyfirvalda, enda tilgangur nefndarinnar að því er virðist einkum sá að fjalla um viðurlög vegna brota á samkeppnislögum og brotum á fjármálamarkaði. Má enda segja að meðferð skattamála lúti nokkurri sérstöðu þar sem öll málsmeðferð þar hefur ekki einvörðungu þann tilgang að koma að viðeigandi viðurlögum heldur einnig - og ekki síður - að sjá til þess að skattur sé réttilega á lagður.

Markmið frumvarpsins er tvíþætt svo sem fram kemur í greinargerð; annars vegar að tryggja rétt einstaklings til að fella ekki á sig sök eða svokallaðan þagnarrétt við rannsókn máls á stjórnsýslustigi og hins vegar rétt aðila að stjórnsýslumáli til aðgangs að dómstólum. Í því samhengi er ástæða til að taka fram til skýringa að við rannsóknaraðgerðir skattrannsóknarstjóra ríkisins er gætt að ákvæðum laga um meðferð opinberra mála eftir því sem við á, sbr. 7. mgr. 103. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, þ. á m. um réttarstöðu sökunauts og í 4. mgr. 110. gr. sömu laga er að finna heimild fyrir gjaldanda að óska eftir því að máli hans verði vísað til lögreglumeðferðar vilji hann ekki hlíta því að mál hans verði afgreitt hjá skattyfirvöldum, en samkvæmt 1. og 2. mgr. sömu greinar eru það skattrannsóknarstjóri og yfirskattanefnd sem hafa heimild til að ákvarða gjaldanda sekt vegna brota á þeim lögum sé máli ekki vísað til lögreglu.

Athugasemdir skattrannsóknarstjóra lúta að því að samkvæmt frumvarpinu er ráð fyrir því gert að til stjórnsýsluviðurlaga teljist álag sem beitt er af hálfu skattyfirvalda. Í dóma- og úrskurðarframkvæmd hefur verið litið svo á að viðurlög vegna brota á skattalögum í formi



sekta og fangelsis verði beitt jafnhliða og óháð því hvort álagi á skattstofna hafi verið beitt af hálfu skattfirvalda. Hefur þannig ekki verið litið svo á að álagsbeiting feli í sér refsingu með þeim réttaráhrifum að slíkt kunni að koma í veg fyrir að frekari viðurlögum verði beitt. Ástæða er þó til að taka fram að Hæstiréttur Íslands hefur ekki tekið efnislega afstöðu til þess hvort álagsbeiting girði með einhverjum hætti fyrir beitingu viðurlaga þannig að brotið sé gegn ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu um bann við tvöfaldri refsingu en þau sjónarmið voru uppi í dómi Hæstaréttar Íslands frá 8. júní 2006, mál nr. 248/2006.

Verði litið svo á að álagi verði ekki beitt samhliða viðurlögum í formi sekta eða fangelsis - sem væri í andstöðu við áralanga dóma- og úrskurðarframkvæmd - þarf með ítarlegum hætti að fara yfir gildandi ákvæði skattalaga með það í huga að greina á milli þess í hvaða tilvikum látið verði sitja við álagsbeitingu á skattstofna og hvenær viðurlögum - sektum og fangelsi - verði beitt. Er líklegt að frumvarpið óbreytt skapi rugling og réttaróvissu.

Þá er ástæða til að nefna að skattfyrvöldum er með 94. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, fengin rík heimild til öflunar gagna frá bæði gjaldendum og þriðja aðila. Teljist álag til stjórnsýsluviðurlaga svo sem frumvarpið gerir ráð fyrir þannig að þagnarréttur b. liðar 1. gr. þess sé virkur, skapast óæskileg óvissa um beitingu þessa sérákvæðis skattalaga.

Með vísan til framanritaðs er lagt til að a.m.k. án frekari endurskoðunar á ákvæðum skattalaga verði orðið „álag“ í a lið 1. gr. og 2. mgr. b liðar 1. gr. fellt brott.

Virðingarfyllst,

Bryndís Kristjánsdóttir,
skattrannsóknarstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 135/2619
komudagur 9.S. 2008



Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. maí 2008.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á stjórnarsýslulögum, nr. 37/1993 (536. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp þar sem lagt er til að færa viðurlagaákvæði stjórnarsýslulaga til samræmis við þær meginreglur sem leiða má af mannréttindasáttmála Evrópu.

Viðskiptaráð gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs